

L Ö G

um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóði og stofnunum, er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1966, er óheimilt að taka lán eða stofna til skulda erlendis nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum. Enn fremur er ríkissjóði og framangreindum stofnunum óheimilt að taka innlend lán eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárlögum. Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið annast allar lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

3. gr.

Ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, sem getur í B-hluta ríkisreiknings, er óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum eða fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af fyrirtækinu eða sjóðnum.

4. gr.

Aðilar, sem um ræðir í 3. gr. og hafa lántökuheimildir samkvæmt sérstökum lögum, skulu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert gera viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu grein fyrir áformuðum lántökum á næsta fjárlagaári. Ráðuneyti það, er með mál fyrirtækisins eða sjóðs fer, og fjármálaráðuneytið geta breytt slíkri lántökuáætlun. Að athugun lokinni skulu nefnd ráðuneyti staðfesta áætlunina, og er fyrirtæki eða sjóði óheimilt að taka lán umfram það, er hin staðfesta áætlun gerir ráð fyrir, nema til komi sérstakt samþykki þeirra aðila, er staðfestu áætlunina.

5. gr.

Aðilum þeim, er um ræðir í 1. og 3. gr., er heimilt að eiga viðskipti innanlands án staðgreiðslu til viðsemjanda, enda sé jafnan um það samið, hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slík viðskipti.

6. gr.

Brjótí starfsmaður ríkisins gegn lögum þessum fer um mál hans skv. III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.